

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/48/EBE

frá 16. júní 1992

um setningu lágmarksreglna um hreinlæti fyrir fiskafurðir sem unnar eru um borð í tilteknum skipum í samræmi við i-lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 91/493/EBE

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða ⁽¹⁾, einkum i-lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í samræmi við i-lið a-liðar í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 91/493/EBE er nauðsynlegt að settar verði hreinlætisreglur afurða af fiski sem hefur verið veiddur, og eftir því sem við á, blóðgaður, hausður, slægður, uggaskorinn, kældur eða frystur um borð í tilteknum skipum.

Mæla skal fyrir um almenn hreinlætisskilyrði sem gilda um fiskiskip.

Mikilvægt er að mæla fyrir um frekari hreinlætisskilyrði sem gilda um fiskiskip þar sem aflí er geymdur um borð lengur en í 24 klukkustundir.

Hægt ætti að vera að taka tillit til séreinkenna tiltekinna fiskiskipa.

Rétt er að minna á að skoðanir og eftirlit samkvæmt tilskipun 91/493/EBE á einnig við um skip sem um getur í þessari tilskipun.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Almennu hreinlætisskilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka gilda um meðhöndlun fiskafurða um borð í fiskiskipum.

2. Frekari hreinlætisskilyrði sem mælt er fyrir um í II. viðauka gilda um fiskiskip sem eru hönnuð og útbúin til að geyma fiskafurðir um borð við fullnægjandi aðstæður lengur en í 24 klukkustundir, að undanskildum skipum sem eru útbúin til að geyma lifandi fisk, skelfisk og lindýr án þess að hafa aðra geymslumöguleika um borð.

3. Hægt er, ef þess gerist þörf og í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. gr., að mæla fyrir um undanþágur eða frekari skilyrði við ákvæði I. viðauka til að taka tillit til séreinkenna tiltekinna fiskiskipa, ef einhver eru.

2. gr.

Hægt er að breyta viðaukunum við þessa tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 15. gr. tilskipunar 91/493/EBE.

3. gr.

Aðildarríkjum er þó heimilt að veita fiskiskipum viðbótarfrest til 31. desember 1995 til að uppfylla nefndar kröfur sem mælt er fyrir um í b- og e-lið í 8. lið II. viðauka, að því tilskildu að afurðir frá fiskiskipum standist kröfur um hreinlæti sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/493/EBE.

Aðeins má veita fiskiskipum, sem eru á veiðum 30. júní 1992 og hafa skilað umsókn um undanþágu, studda gildum rökum, til lögbærs yfirvalds viðkomandi lands fyrir 31. desember 1992, slíkar undanþágur.

Í umsókninni skal tilgreint nákvæmlega hvenær fiskiskipið muni uppfylla umræddar kröfur.

Ef sótt er um fjárhagsaðstoð til bandalagsins koma aðeins til greina umsóknir sem uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja þau lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum tilskipunar

þessarar fyrir 1. janúar 1993. Þeim ber að tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. júní 1992.

fyrir hönd ráðsins

Arlindo MARQUES CUNHA

forseti

I. VIDAUKI

Almenn heilbrigðisskilyrði sem gilda um fiskafurðir um borð í fiskiskipum

1. Í skipshlutum eða ílátum þar sem fiskafurðir eru geymdar skulu ekki vera hlutir eða framleiðsluvörur sem líklegar eru til að smita út frá sér einhverju skaðlegu eða óeðlilegu yfir í matvælin. Þessir hlutar eða ílát skulu þannig hönnuð að auðvelt sé að þrifa þau og að tryggt sé að vatn sem bráðnar af ís komist ekki í snertingu við fiskafurðirnar.
2. Skipshlutarnir eða ílátin þar sem fiskafurðir eru geymdar skulu við notkun vera tandurhrein og einkum skal varast mengun þeirra af völdum eldsneytis sem notað er til að knýja skipið eða af kjalvatni.
3. Um leið og fiskafurðirnar koma um borð skal þær fyrir mengun og áhrifum sólar og hver kyns hitagjafa. Þegar afurðirnar eru þvegnar skal annaðhvort nota ferskvatn í samræmi við færíbreyturnar sem eru tilgreindar í viðaukum A og D í tilskipun 80/778/EBE ⁽¹⁾ eða hreinan sjó til að rýra ekki gæði eða hreinleikastaðal afurðanna.
4. Fiskafurðirnar skulu meðhöndlaðar þannig að þær verði ekki fyrir hnjaski. Leyfilegt er að nota oddhvöss verkfæri við flutning á stórum fiski eða fiski sem gæti skaðað þann sem verkið vinnur, að því tilskildu að kjöt þessara vara skemmist ekki.
5. Fiskafurðir, að undanskildum þeim sem geymdar eru lifandi, skulu kældar eins fljótt og hægt er eftir að þær eru teknar um borð. Ef um er að ræða fiskiskip þar sem kæling er ekki tæknilega möguleg má þó ekki geyma fiskafurðirnar lengur en átta klukkustundir um borð.
6. Ís sem notaður er við kælingu afurðanna skal vera úr drykkjarhæfu vatni eða hreinum sjó. Fyrir notkun skal ísinn geymdur við aðstæður sem varna því að hann mengist.
7. Eftir losun fiskafurðanna skulu ílát, búnaður og skipshlutar sem eru í beinni snertingu við fiskafurðirnar þrífir með drykkjarhæfu vatni eða hreinum sjó.
8. Ef hausað er og slægt um borð skal það gert á snyrtilegan hátt og afurðirnar þvegnar vandlega með drykkjarhæfu vatni eða hreinum sjó strax að lokinni aðgerð. Innyfli og þá hluta af fiskinum sem gætu verið heilsuspillandi verður að skilja frá og fjarlægja frá afurðum sem ætlaðar eru til mannelis. Lifur og hrogn sem ætluð eru til mannelis ber að kæla eða frýsta.
9. Búnaður sem notaður er við slægingu, hausun og uggaskurð og ílát og áhöld sem komast í snertingu við fiskafurðirnar skulu vera úr, eða húðuð með, efni sem er vatnsþétt, rotnar ekki, er slétt og auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Við notkun skulu þau vera tandurhrein.
10. Til starfsfólks sem meðhöndlar fiskafurðir eru gerðar kröfur um fyllsta hreinlæti bæði varðandi persónuleg þrif og klæðnað.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi EB nr. L 229, 30. 8. 1980, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/377/EBE (Stjórnartíðindi EB nr. L 377, 31. 12. 1991, bls. 48).

II. VIÐAUKI

Frekari heilbrigðisskilyrði sem gilda um fiskiskip sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

1. Fiskiskip skulu hafa lestartými, tanka eða ílát til geymslu á kældum eða frosnum fiskafurðum við hita sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/493/EBE. Þessi lestartými skulu aðskilin frá vélarrýminu og vistarverum áhafnar með skilrúmi sem er nægilega þétt til að koma í veg fyrir hvers kyns mengun fiskafurðanna sem eru í geymslu.
2. Innra byrði lestartýmanna, tankanna eða ílátanna skal vera vatnsþétt og auðvelt að þrifa og sótthreinsa. Það skal vera úr sléttu efni eða að minnsta kosti þakið sléttri málningu og í góðu ásigkomulagi þannig að fiskafurðirnar smitist ekki af efnum sem eru skaðlegar heilsu manna.
3. Lestartýmin skulu þannig hönnuð að tryggt sé að vatn sem bráðnar af ís komist ekki í snertingu við fiskafurðirnar.
4. Ílát þar sem afurðir eru geymdar skulu þannig úr garði gerð að þau tryggji geymslu við fullnægjandi hreinlætisskilyrði og skal sérstaklega séð fyrir greiðu frárennsli vatns sem bráðnar af ís.
5. Vinnuþilför, búnaður, lestartými og ílát skulu þrifuð í hvert skipti eftir notkun. Nota skal drykkjarhæft vatn eða hreinan sjó í þessu skyni. Sótthreinsun og skordýra- og rottueyðing skal fara fram eftir þörfum.
6. Hreinsiefni, sótthreinsandi efni, skordýraeitur og önnur eiturefni skulu geymd í herbergjum eða skápum sem hægt er að læsa. Notkun þessara efna má ekki valda neinni hættu á mengun fiskafurðanna.
7. Ef fiskafurðir eru frýstar um borð skal það gert í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. II-hluta IV. kafla í viðauka við tilskipun 91/493/EBE. Ef frýst er í saltþækli má þækillinn ekki valda hættu á mengun fisksins.
8. Skip sem eru útbúin til kælingar á fiskafurðum með ískældum (CSW) eða vélkældum sjó (RSW), skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a) tankar skulu hafa viðeigandi áfyllingar- og tæmingarbúnað fyrir sjó og búnað sem tryggir sama hitastig í öllum tönkunum;
 - b) tankarnir skulu búnir tæki sem skráir hitann sjálfkrafa í tengslum við hitaskynjara sem er hafður þar í tankinum sem hitinn er mestur;
 - c) tankurinn eða ílátið skal þannig hannað að sambland af fiskafurðum og sjó kólnar niður í 3°C í mesta lagi sex klukkustundum eftir áfyllingu og í 0°C eftir mesta lagi 16 klukkustundir;
 - d) eftir hverja losun skulu tankarnir, hringstreymiskerfin og ílátin tæmd algjörlega og þrifuð rækilega með drykkjarhæfu vatni eða hreinum sjó. Aðeins ber að nota hreinan sjó til áfyllingar;
 - e) dagsetning og tanknúmer skal tekið skýrt fram í skýrslu yfir hitaskráningar. Geyma skal skýrslur yfir hitaskráningar og skulu lögbær yfirvöld hafa aðgang að þeim.
9. Lögbær yfirvöld skulu með reglubundnu millibili, í eftirlits skyni, halda og uppfæra skrá yfir skip sem útbúin eru í samræmi við 7. og 8. lið, að undanskildum skipum með færanlegum ílátum sem, með fyrirvara um annan málslíð 5. liðar I. viðauka, eru ekki reglulega notuð til að geyma fisk í kældum sjó.
10. Útgerðarmenn og fulltrúar þeirra skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem gætu mengað fiskafurðir vinni við eða meðhöndli þær þar til sýnt hefur verið fram á að viðkomandi geti unnið verkið án þess að hætta sé á mengun. Innlend lög í hlutaðeigandi aðildarríki gilda um reglubundið læknisefirlit með slíkum einstaklingum.